

Árt-2.b. Stærðfræði

Kennarar: Pálín Ósk Einarsdóttir; Þórrún Sigríður Þorsteinsdóttir

2

Markmið með þessari lotu er að:

Vinna samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í Stærðfræði.

Námsgögn sem við notum:

Sproti 2A og 2B, nemenda- og æfingabækur. Viltu reyna og ýmis ljósrituð hefti. Að auki er notast við ýmislegt nýtilegt úr náttúrunni í útlkennslu.

Kennsluhættir í lotunni:

- Hóp- og einstaklings kennsla.
- Samvinnunám, hópvinna, paravinna, þrautalausnir, námsleikir og útinám.
- Verklegr vinna.
- Leiðsagnarkennsla.

Námsmat:

Kannanir sem fylgja námsefninu. Leiðsagnarmat. Símat.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- Leyst stærðfræðiprautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.
- Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnleiðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.
- Kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Tölur og reikningur

- Notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Notað tugakerfisrithátt.
- Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Algebra

- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.
- Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.
- Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.
- Unnið með mælikvarða og lögun.
- Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

Stærðfræði fyrir 1.-4.bekk - Tölfræði og líkindi

- Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.
- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.